



## Um sjóðinn

Landsbréf – Eignadreifing virði er blandaður fjárfestingarsjóður með virka eignastýringu. Sjóðurinn hentar þeim sem vilja fjárfesta í vel dreifðu og blönduðu eignasafni verðbréfa, sjóða og innlána.

Fjárfest er aðallega í innlendum og erlendum sjóðum ásamt hlutabréfum og skuldabréfum, innlendum sem og erlendum. Einnig er fjárfest í innlánum hjá fjármálfyrirtækjum og stökum peningamarkaðsgerningum. Til skamms tíma má búast við tölverðum sveiflum í ávöxtun sjóðsins og ráðlagður fjárfestingartími er 3 ár eða lengri.

Allar frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykluupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is) og á afgreiðslustöðum Landsbankans. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér lykluupplýsingar og útboðslýsingu, þá sérstaklega umfjöllun um fjárfestingarstefnu og áhættu.

## Eignasamsetning

Flokkur <sup>1</sup>	Staða	Eignaskipting
■ Ríkisskuldabréf	42,6%	
■ Önnur skuldabréf	25,4%	
■ Hlutabréf	13,9%	
■ Erlendir sjóðir	5,6%	
■ Reiðufé <sup>2</sup>	-0,8%	
■ Innlán	11,3%	
■ Hlutdeildarskírteini í fagfjárfestingarsjóðum	1,6%	
■ Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	0,5%	


## Stærstu eignir

Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf	12,7%
Ríkissbréf verðtryggð 21	11,0%
Íbúðabréf HFF150224	10,5%
Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð	9,7%
Innlán - Landsbankinn hf.	9,6%

## Verðtrygging

Verðtryggt	58,7%
Óverðtryggt	9,3%
Annað	32,8%
Reiðufé <sup>2</sup>	-0,8%

## Árangur sjóðsins



## Nafnávöxtun

Frá áramótum	1,26%
1 ár	2,59%
2 ár*	-
3 ár*	-
4 ár*	-
5 ár*	-

\* Sjóðurinn hóf starfsemi þann 12. desember 2017 og því er ekki hægt að sýna ávöxtun fyrir þessi tímabil.

## Áhætta

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Hlutdeildarskírteini sjóðsins geta lækkað í verði ekki síður en hækkað og eru því ekki áhættulaus, fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir.

**Markaðsáhætta** fylgir öllum fjármálagerningum og er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla til dæmis vaxtaáhætta og gengisáhætta.

**Skuldaraáhætta** er í sjóðnum og er sú áhætta að útgefandi skuldabréfs, peningamarkaðsgernings eða innláns standi ekki við skuldbindingar sínar og fjárfesting tapist því að hluta eða öllu leyti. Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefanda verðbréfa er í sjóðnum.

**Rekstraráhætta** er í sjóðnum, fjármunir gætu tapast vegna ófullnægjandi innri ferla og mannlegra mistaka eða vegna ytri atburða, þ.m.t. vegna vörslu eigna vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

**Uppgjörsáhætta** er til staðar ef mótaðili í viðskiptum stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör viðskipta á sér stað eða afhendir ekki fjármálagerning á réttum tíma.

**Gjaldmiðlaáhætta** er í sjóðnum, fjárfest er í fjármálagerningum í erlendri mynt.

Nánari upplýsingar um áhættuþætti má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

## Almennar upplýsingar

Kennitala:	680917-9810
Stofndagur:	22.11.2017
Grunnmynt:	ISK
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufélag:	Landsbankinn hf.
Söluaðili:	Landsbankinn hf.
Sjóðsform:	Fjárfestingarsjóður (Non-UCITS)
Umsýsluþóknun:	1,25%
Árangurstengd þóknun:	10% umfram viðmið - viðmið er innlánsvextir Seðlabankans
Bloomberg auðkenni:	-
LEI númer:	5493006CJ7X1Y9DH9527
Sjóðstjórar:	Guðmundur K. Guðmundsson Guðný Erla Guðnadóttir Valgarð Briem
Framkv.stj. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

## Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 13:30
Lágmarkskaup:	5.000 kr.
Afgreiðslugjald:	450 kr.
Afgreiðslugjald í áskrift:	100 kr.
Gjald við kaup:	1,0%
Gjald við kaup í áskrift:	Ekkert
Áskriftarmöguleiki:	Já
Uppgjörstími:	2 bankadagar

## Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	186,1
Gengi sjóðsins:	10,420
Áhættumælikvarði	3/7
Staðalfrávik <sup>3</sup> :	3,18%

<sup>3</sup>Staðalfrávik ávöxtunar er tölræðileg stærð sem mælir sveiflur frá meðalávöxtun á ársgrundvelli. Staðalfrávik byggir á daglegum gögnum eitt ár aftur í tímann. Núverandi mat á staðalfrávik endurspeglar ekki endilega staðalfrávik í framtíð.

## Hafðu samband

## Verðbréfa- og lífeýrisþjónusta Landsbankans

Austurstræti 5, 155 Reykjavík

Sími: 410 4040

[www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is)

[www.landsbref.is](http://www.landsbref.is)

## Skattalegar upplýsingar

Teigur af hlutdeildarskírteinum eru skilgreindar sem vaxtateigur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru innleyst. Skattlutfall þetta er nú 22%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

<sup>1</sup> Bæði getur verið um að ræða fjárfestingu beint í verðbréfum í tilteknum eignaflokkum og í hlutdeildarskírteinum sjóða sem fjárfesta í tilteknum eignaflokkum. Ef fjárfest er í sjóðnum Landsbréfa er ekki innheimt umsýsluþóknun eða munur á kaup- og sölugengi.

<sup>2</sup> Horft er í gegnum undirliggjandi sjóði og því er bæði um að ræða reiðufé í vörslu Eignadreifingar virðis og undirliggjandi sjóða.

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðnum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur. Nánari upplýsingar má finna í útboðslýsingu sjóðsins og í útdrætti úr henni á heimasíðu Landsbréfa, [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is), og á heimasíðu Landsbankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is). Fjárfestum er bent á að kynna sér vel útboðslýsingar sjóða áður en fjárfest er í þeim. Þær upplýsingar sem koma fram í þessu skjali byggja á óendurskoðuðum gögnum úr bókhaldi sjóðsins. Upplýsingarnar eru því birtar með fyrirvara um réttmæti þeirra.